



## Félag háskólakennara

### 9. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn mánudaginn 2. mars 2022

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarioh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ármann Höskuldsson og Pontus Eik Gunnar Jarvstad. Berglind Eva Benediktsdóttir og Sævar Ingbórsson, boðuðu förföll., Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. febrúar 2022.
2. Fundargerð samráðsnefndar 11. febrúar sl.
3. Fulltrúi Félags háskólakennara í Siðanefnd HÍ.
4. Skoðanakönnun Félags háskólakennara
5. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
6. Fréttir af BHM, ÍD.
  - I. Kynbundin launamunur akademískra starfsmanna.
  - II. Svar BHM við reglum um viðbótarlaun (fresta).

**1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. febrúar 2022**  
Fundargerðin var samþykkt.

#### **2. Fundargerð samráðsnefndar 11. febrúar síðastliðinn**

Fyrir fundinn lá fundargerð samráðsnefndar. Baldvin fór yfir hana og gerði gein fyrir umræðum á fundinum. Næsti fundur samráðsnefndar um kjaramál verður nk. föstudag, 4. mars og þá mun þráðurinn verða tekinn upp þar sem frá var horfið, en ekki náðist að klára þá dagskrá sem lá fyrir á fundinum þann 11. febrúar. Við hana bætist ósk félagsins um að ræða samspil sérfræðinga sem borga til FÍN en hafa fengið greitt úr vinnumatssjóði Fh.

#### **3. Fulltrúi Félags háskólakennara í Siðanefnd HÍ**

Stjórn félagsins hafði á milli funda átt í tölvusamskiptum vegna málsins. Málið rætt. Ákveðið var að stjórn Félagsins tilnefni Ármann Höskuldsson sem fulltrúa félagsins í siðanefnd Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna um það með réttum hætti.

#### **4. Skoðanakönnun Félags háskólakennara**

Á fundinum var lögð fram úttekt á skoðanakönnuninni sem félagið stóð fyrir í febrúar. Framkvæmdastjóri fór yfir skjölin og málið var rætt. Ákveðið var að fresta umræðuefninu til næsta fundar.

**5. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu**  
Frestað.

#### **6. Fréttir af BHM**

Íris sagði frá stefnumótunarþingi BHM sem bandalagið stóð fyrir þann 25. febrúar sl. Íris hefur boðið sig fram til áframhaldandi starfa í stjórn BHM, og Baldvin bauð sig fram í jafnréttisnefnd.

## **Önnur mál:**

I. Kynbundin launamunur akademískra starfsmanna  
Frestað.

II. Svar BHM við reglum um viðbótarlaun (frestað)  
Svar BHM liggur ekki fyrir og málinu var því frestað.

III. Málefni aðjúnkta II  
Pontus vildi vekja athygli á málefnum aðjúnkta II og stundakennara. Málið rætt. Ákveðið var að Pontus myndi senda tölvupóst á stórn vegna vandamála við ráðningu aðjúnkta II.

IV. Námsstefna Ríkissáttasemjara  
Framkvæmdastjóra falið að kanna með skráningu stjórnarmanna á námsstefnunni.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:15.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 6. apríl 2022.